



Fundargögn

**481. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps sem haldinn var miðvikudaginn
19. október 2022, kl. 15:00.**

Dagskrá:

Fundargerðir til samþykktar

1. [Menningarnefnd - 109. fundur. - 2210041](#)

Fundargerð frá 109. fundi menningarnefndar, sem haldinn var þann 12. september 2022
Fundarefni lagt fyrir sveitarstjórn til staðfestingar og/eða kynningar.

2. [Skipulagsnefnd Skaftárhrepps - 178. fundur - 2209006F](#)

Fundargerð frá 178. fundi skipulagsnefndar, sem haldinn var þann 4. október 2022
Fundarefni lagt fyrir sveitarstjórn til staðfestingar og/eða kynningar.

2.1 1812001 - Vindorkurannsóknir í landi Grímsstaða

2.2 2210001 - Fjaðrárgljúfur - óskað eftir breytingu á dsk

2.3 2010008 - Svæðisskipulag Suðurhálandis

2.4 2010007 - Deiliskipulag milli Klausturvegar og Skaftár

2.5 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

3. [Skipulagsnefnd Skaftárhrepps - 179. fundur - 2210020](#)

Fundargerð frá 179. fundi skipulagsnefndar, sem haldinn var þann 18. október 2022
Fundarefni lagt fyrir sveitarstjórn til staðfestingar og/eða kynningar.

4. [Fræðslunefnd Skaftárhrepps - 180. fundur - 2210019](#)

Fundargerð frá 180. fundi fræðslunefndar, sem haldinn var þann 17. október 2022
Fundarefni lagt fyrir sveitarstjórn til staðfestingar og/eða kynningar.

5. [3. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. - 2210004](#)

Fyrir fundinum liggur fundargerð 3. fundar félagsmálanefndar, sem haldinn var þann 29.
september 2022. Sveitarstjórn þarf að staðfesta samþykktir nefndarinnar.

6. [Húsnæðissjálfsseignarstofnunin Arnardrangur - auka fundur stofnenda. - 2210015](#)

Fyrir fundinum liggur fundargerð auka fundar stofnenda sem haldinn var þann 7. október
2022.

Sveitarstjórn þarf að staðfesta meðfylgjandi samþykktir fyrir Arnardrang hses. og skipun
stjórnar.



Fundargerðir til kynningar

7. [Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga \(SASS\) - 586. fundur. - 2209025](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð 586. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var þann 2. september 2022.
8. [Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga \(SASS\) - 587. fundur. - 2210032](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð 587. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var þann 7. október 2022.
9. [Bergrisinn bs. - auka aðalfundur - 2209018](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð auka aðalfundar Bergrisans bs., sem haldinn var þann 30. júní 2022.
10. [Bergrisinn bs. - 42. stjórnarfundur. - 2209017](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð 42. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var þann 23. ágúst 2022.
11. [Bergrisinn bs. - 43. stjórnarfundur. - 2209032](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð 43. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var þann 6. september 2022.
12. [Bergrisinn bs. - 44. stjórnarfundur. - 2209033](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð 44. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var þann 14. september 2022.
13. [Samráðsfundar sambandsins með fræðslustjórum og sveitarstjórum. - 2209036](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð 20. samráðsfundar sambandsins með fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofur fræðslustjórar.
14. [Katla jarðvangur - 64. fundur stjórnar - 2209037](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð 64. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, sem haldinn var þann 23. september 2022.
15. [Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla - 138 fundur - 2210002](#)
Fyrir fundinum liggur fundargerð 138. fundar rekstrarnefndar, sem haldinn var þann 27. september 2022.



16. [Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu - 2210005](#)

Fyrir fundinum liggur fundargerð Almannavarnarnefndar, sem haldinn var þann 3. október 2022.

17. [Heilbrigðisnefnd Suðurlands - 221. fundur. - 2210006](#)

Fyrir fundinum liggur fundargerð 221. fundar heilbrigðisnefndar, sem haldinn var þann 23. september 2022.

18. [Svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarðar - 104. fundur - 2209024](#)

Fyrir fundinum liggur fundargerð 104. fundar Svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarðar, sem haldinn var þann 14. september 2022.

19. [Svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarðar - 105. fundur - 2210014](#)

Fyrir fundinum liggur fundargerð 105. fundar Svæðisráðs vestursvæðis, Vatnajökulsþjóðgarðar, sem haldinn var þann 12. október 2022.

20. [Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu - 64. fundur. - 2210016](#)

Fyrir fundinum liggur fundargerð 64. fundar stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu, sem haldinn var þann 7. október 2022.

21. [Svæðisskipulag Suðrhálendis - 2210042](#)

Fyrir fundinum liggur fundargerð 19. fundar vegna svæðisskipulags Suðrhálendis, sem haldinn var þann 27. september 2022.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

22. [Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi. - 2208010](#)

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsettur 17. ágúst 2022.

Sýslumaðurinn, Kristín Þórðardóttir, óskar eftir fundi vegna samráðs sýslumanns og sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

23. [Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi, Grænigarður, Seglbúðir 2. - 2209022](#)

Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 13. september 2022, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis í Grænagarði. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Seglbúðir 2, fastanúmer: 219-0335.



24. [Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi, Orustustaðir - 2209023](#)

Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 28. júlí 2022, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis á Orustustöðum. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-G íbúðir. Staðsetning gististaðarins er Orustustaðavegur 1A, fastanúmer: 251-2239.

25. [Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi, Veiðihúsið Hemru - 2209021](#)

Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 25. ágúst 2021, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis veiðihúsins við Hemru. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-G íbúðir. Staðsetning gististaðarins er Hemra, fastanúmer: 219-0965.

26. [Umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni, samningur - 2209026](#)

Fyrir fundinum liggur bréf frá Múlaþingi, dagsett 7. september 2022, ásamt samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu ásamt fylgigögnum.

27. [Bréf frá SASS vegna heimavistar FSu - 2209035](#)

Fyrir fundinum liggur, tölvupóstur, dagsettur 6. september 2022. Óskað er eftir tilnefningu fulltrúa frá Rangárþingi eystra í starfshóp um heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands sem stjórn SASS samþykkti að skipað yrði í á síðasta stjórnarfundum SASS. Lagt er til að hópinn skipi tvo fulltrúa frá sveitarfélögunum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, einn fulltrúi frá skólanefnd FSu, einn fulltrúi frá sveitarfélaginu Árborg og einn fulltrúi frá Ungmennaráði Suðurlands. Hópnum er falið að kortleggja mögulegar leiðir, til lengri og skemmri tíma, til þess að tryggja heimavist við skólann.

28. [Bréf frá Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu, dagsett 28.09.2022 - 2210003](#)

Fyrir fundinum liggur bréf frá Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu, dagsett, 28. september 2022. Óskað er eftir fjárstyrk til æskulýðsnefndarinnar.

29. [Bréf frá Samtökum orkusveitarfélaga. - 2210017](#)

Fyrir fundinum liggur bréf, dagsett 10. október 2022, frá Samtökum orkusveitarfélaga, þar sem óskað er eftir því að Skaftárhreppur gerist aðili að samtökunum. Jafnframt er greint frá því að aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn 11. nóvember 2022.

30. [Bréf frá íbúa sveitarfélagsins. - 2210018](#)

Fyrir fundinum liggur bréf, ódagsett, frá Gabríel Fannari Unasyni, nemenda í 6. bekk, Kirkjubæjarskóla á Síðu. Gabríel Fannar óskar eftir aðstoð sveitarfélagsins um bíó (kvikmyndahús)

31. [Kosning í stjórn Kirkjubæjarstofu skv. samþykktum sveitarfélagsins - 2210024](#)

Skv. 41. gr. B liðar 6. liðar, samþykktu um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 1530/2020, kýs sveitarstjórn tvo fulltrúa og tvo til vara í stjórn Kirkjubæjarstofu. Samkvæmt samþykktum Kirkjubæjarstofu skal annar fulltrúi Skaftárhrepps jafnframt vera formaður stjórnar.



32. [Bréf frá Kirkjubæjarstofu, þekkingarseturs - 2210023](#)

Fyrir fundinum liggur, bréf, ódagsett, þar sem óskað er eftir styrk vegna 25. ára afmælis Kirkjubæjarstofu.

33. [Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2023, ákvörðun um fasteignaskatt. - 2210022](#)

Fyrir fundinum liggur, ákvörðun um fasteignaskatt fyrir árið 2023, svo sem fasteignaskattsprósentur, fjölda gjalddaga ofl.

34. [Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2023, ákvörðun um útsvarshlutfall. - 2210021](#)

Fyrir fundinum liggur, ákvörðun um að útsvarshlutfall verði 14,52% sem lagður verður á tekjur manna á árinu 2023.

35. [Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2023, reglur um afslátt af fasteignagjöldum - 2210025](#)

Fyrir fundinum liggja, reglur um afslátt af fasteignagjöldum á árinu 2023.

36. [Reglur vegna ráðninga starfsmanna og starfsmannamál í Skaftárhreppi - 2210029](#)

Reglur þessar eru settar með vísan til 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 46. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps, nr. 1530/2020.

37. Málefni mótuneytis Skaftárhrepps - 2210031

Undir þessum lið verður rætt um framtíðar fyrirkomulag á rekstri mótuneytis sveitarfélagsins.

38. [Hugmyndasamkeppni um staðsetningu og rekstur menningar- og listaseturs - 2210033](#)

Skaftárhreppur mun auglýsa eftir ráðgjafa, eða ráðgjafafyrirtæki til að vera ráðgefandi fyrir sveitarfélagið með framtíðaruppbyggingu á menningar- og listasetri sem ferðamannastað og gestastofu Erróstofu í huga.

Mál til kynningar

39. [Tilkynning um niðurfellingu Bakkakotsvegur 2 af vegskrá. - 2209019](#)

Fyrir fundinum liggur afrit af bréfi Vegagerðarinnar, dagsett, 12. september 2022, til Ríkiseigna. Vegagerðin tilkynnir með bréfi þessu um niðurfellingu Bakkakotsvegur 2 (2147-01) í Skaftárhreppi, af vegskrá.

40. [Bókun byggðaráðs vegna starfshóps um heimavist við FSU - 2209027](#)

Fyrir fundinum liggur bókun byggðaráðs Rangarþings eystra, frá 15. september 2022, vegna starfshóps um heimavist við FSU.



41. [Tölvupóstur frá nemendum 8.-10 bekk. - 2209029](#)

Fyrir fundinum liggur, tölvupóstur, dagsettur, 12. september 2022, frá nemendum í 8.-10 bekk Kirkjubæjarskóla á Síðu. Nemendurnir senda ábendingar um ýmis atriði sem þeim liggur á hjarta og langar til að breyta í sveitarfélaginu.

42. [Bréf frá Heilbrigðisiseftirliti Suðurlands. - 2210008](#)

Fyrir fundinum liggur bréf Heilbrigðisiseftirlits Suðurlands, dagsett, 3. október 2022, samrit til allra sveitarfélaga á starfssvæðinu.

43. [Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórn, ráðum og nefndum. - 2210010](#)

Fyrir fundinum liggja drög af samþykktum sem byggir á greinum 25. gr. og 38. gr. í Samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 1530/2020. Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

44. [Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins - 2210028](#)

Fyrir fundinum liggja til kynningar breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.

45. [Tölvupóstur frá oddvita Rangárbings eystra. - 2210011](#)

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur frá Tómasi Birgi Magnússyni, oddvita, vegna starfsemi Kötlu jarðvangs, dagsettur, 22. september 2022.

46. [Tölvupóstur frá Landslögum, dagsettur 21. september 2022, Orustustaðir, leyfisveitingar - 2209031](#)

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur frá Landslögum, Ívari Pálssyni hrl. fyrir hönd Hreiðars Hermannssonar, eiganda Orustustaða, vegna tafa á umsógn sveitarfélagsins og undirstofnanna þess, á rekstrarleyfisumsókn til sýslumanns, dagsettur, 21. september 2022.

47. [Bréf frá Hreiðari Hermannssyni - 2209034](#)

Fyrir fundinum liggur bréf frá Hreiðari Hermannssyni, vegna Orustustaða, dagsett 21. september 2022.

48. [Bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, dagasett 26. september 2022. - 2210012](#)

Fyrir fundinum liggur afrit stjórnarsýslukæru, ásamt fylgigögnum, þar sem kærður er dráttur á afgreiðslu sveitarstjórnar og undirstofnanna á umsögn til sýslumanns vegna umsónar um rekstrarleyfi fyrir gististarfsemi að Orustustöðum.



49. [Bréf Frá Sýslumanninum á Suðurlandi. vegna Orustustaða dagsett 10.10. 2022 - 2210026](#)

Fyrir fundinum liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, vegna umsóknar Hreiðars Hermannssonar, um rekstrarleyfi að Orustustöðum, fnr. 251-2239

50. Trúnaðarmál - 2210030

Undir þessum lið mun sveitarstjóri greina frá trúnaðarmálum.

Skýrsla sveitarstjóra

51. Skýrsla sveitarstjóra 481. fundur - 2210027

Kirkjubæjarklaustri, 17. október 2022

Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri.